



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 11. mars 2019

USK2016010017

5.2

Borgarráð

Brautarholtsvegur á Kjalarnesi.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við gerð göngu- og hjólastígs við Brautarholtsveg á Kjalarnesi. Kostnaðaráætlun 2 er 110 mkr. Áætlað er að framkvæmdir geti hafist í maí og að þeim ljúki í september 2019.

Greinargerð:

Um er að ræða 2 m breiðan göngu- og hjólastíg ásamt lýsingu meðfram Brautarholtsvegi frá Grundarhvefi og að gatnamótum við Arnarholt. Samstarf er við veitufyrirtæki sem kosta endurnýjun veitulagna m.a. hitaveitu og vatnsveitu.

Verkefnið hefur verið á framkvæmdaáætlun frá árinu 2014 en hefur dregist þar til nú. Ekki náðust samningar við hluta landeiganda um kaup á hluta þess lands sem stígurinn liggur um. Á fundi skipulags- og samgönguráðs 6. mars sl. var svo samþykkt að breikka stíginn og lengja frá því sem áður var gert ráð fyrir. Heildarlengd stígs er nú 1,65 km. Framkvæmdin er liður í að auka öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda.

Kostnaðaráætlun 1 skv. fjárhagsáætlun er 50 mkr. Er þá miðað við fyrri útfærslu, þ.e. breidd og lengd stígsins.

Kostnaðaráætlun 2 er 110 mkr. Lagt er til að 60 mkr. verði fjármagnaðar af kostnaðarstað 3102, Ýmsar framkvæmdir með Vegagerðinni.

Framkvæmdir mynda stofn til gatnaleigu.


Kostnaðarstaður: 3106 (50 mkr.) og 3102 (60 mkr.).

Kostnaðaráætlun 2: 110 mkr.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

Yfirlitsmynd




Langholtsflói

Arnarholt

Hóflandi

Mýrarholtsmýri



BRAUTARHOLTSVEGUR

GRUNDAHVERFI

Kjúgarður

Brautarholtsvegur
Hjassi

Hóflandi

KJALARNES

Hjassabjörg

HOFSVÍK

Hofsvík

Vesturlandsvegur
Vallargrund
Víkurgrund
Eskja

Valla

UMHVERFIS- OG SKIPLAGSSVIÐ
Göngustígur við Brautarholtsveg



UR